

Nd.

**751. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bjargráðasjóð Íslands (þingskj. 704).

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hvert sveitarfjelag og bæjarfjelag á landi hjer skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 25 auru fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

2. — 3. — Í stað orðanna »40 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár« komi: 25 aurum fyrir hvern mann.

3. — 7. — Orðin »fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru« falli burt.

4. — 7. — Aftan við greinina bætist: Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið, og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

5. 8. gr. falli burt.
6. Við 9. gr. falli burt.
7. — 10. — Orðin »og innheimtu« í fyrri lið gr. falli burt.
8. — 10. — Seinni liðurinn falli burt.
9. — 11. — falli burt.
10. — 12. — falli burt.